

Samráðsgátt
Dómsmálaráðuneytið
Mál nr. 91/2022

Reykjavík, 15. júlí 2022

Efni: Umsögn Vátryggingafélags Íslands hf. um áform um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993.

Vátryggingafélag Íslands hf. vísar til umsagnar Samtaka fjármálafyrirtækja, dags 15. júlí 2022, og tekur undir það sem þar kemur fram. Félagið telur rétt að gera til viðbótar við það sem þar kemur fram nokkrar athugasemdir sem varða öðru fremur það yfirlýsta grundvallarmarkmið breytinga á skaðabótalögum að bæta skuli það tjón sem raunverulega verður; ekki ofbæta og ekki vanbæta það heldur.

Umsögn þessi varðar eingöngu áformaðar breytingar á 10. gr. skaðabótalaga en Vátryggingafélag Íslands hf. tekur sérstaklega undir það með Samtökum fjármálafyrirtækja að þær áformuðu breytingar sem nú eru kynntar geti ekki komið í stað þeirrar heildarendurskoðunar sem nauðsynleg sé. Félagið telur í sambandi við áformað nýtt hlutverk Örorkunefndar mikilvægt að beina athyglinni að eftirfarandi atriðum sem varða framkvæmd mats á tjóni sem hvorki er tekið á í eldri tillögum að breytingum né þeim áformum sem nú eru til umsagnar:

- *Núgildandi skaðabótalög hafa engin tæki til að taka á þeirri aðstöðu þegar varanleg skerðing aflahæfis kemur ekki fram á sama tíma og læknisfræðilegur miski.*
- *Niðurstöður matsmanna um varanlega örorku byggja í þessum tilvikum á huglægu mati sem styðst ekki við lögbundin viðmið né fullnægjandi rannsóknir. Matið lítur að því hvort, hvenær og að hve miklu leyti, minniháttar læknisfræðilegur miski, sem hefur ekki leitt til tekjutaps við framkvæmd mats, muni í framtíðinni leiða til slíks tjóns.*
- *Núgildandi skaðabótalög gera ráð fyrir að þetta vænta fjártjón sé gert upp á sama tíma og bætur vegna læknisfræðilegs miska og stuðlar laganna leiða til þess að fjárhæð bóta miðast við að tjónið hafi orðið við svokölluð batahvörf þrátt fyrir að niðurstaða matsmanna sé að tjónið hafi ekki orðið þá heldur kunni það að verða síðar á starfsævi tjónþola.*

Útreikningar tryggingastærðfræðinga sýna að þetta leiðir til þess að tjón sem þetta er ofbætt.

Mikilvægt er að reglur verði settar sem tryggja að atvinnutjón sem mögulega kemur fyrst fram löngu eftir uppgjör verði ekki áfram greitt eins og það hafi þegar orðið. Niðurstaða um varanlega örorku vegna slíks vænts fjártjóns verður að byggja á skýrum og staðreyndanlegum viðmiðum til að tryggja að starfshættir matsaðila leiði ekki til þess að bætur séu greiddar fyrir varanlega örorku án þess að samsvarandi tjón sé til staðar.

Til viðbótar ofangreindu og því sem fram kemur í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja vill Vátryggingafélag Íslands hf. beina athyglinni að eftirfarandi atriðum sem rétt er að hafa í huga vegna áformaðra breytinga á hlutverki Örorkunefndar:


Möguleikar fulltrúa tjónþola á að hafa áhrif á það hvaða gögn liggja til grundvallar niðurstöðu matsmanna og/eða Örorkunefndar hefur haft veruleg neikvæð áhrif á traust til núverandi kerfis. Það er því mikilvægt að vel verði hugað að heimildum og skyldu Örorkunefndar til sjálfstæðrar gagnaöflunar og vinnslu gagna.

Samkvæmt 4. gr. nágildandi reglugerðar um starfsháttu Örorkunefndar nr. 335/1993 skal niðurstöðum nefndarinnar fylgja stuttur rökstuðningur. Í framkvæmd hefur þetta leitt til þess að niðurstöður Örorkunefndar eru lítt rökstuddar, niðurstaða um læknisfræðilegan miska er ekki sundurliðuð og mun erfiðara er að átta sig á forsendum nefndarinnar en t.d. niðurstöðum dómkvaddra matsmanna. Mikilvægt er að skýrar reglur verði settar sem skylda Örorkunefnd til að sundurliða niðurstöðu um miska og rökstyðja ítarlega niðurstöðu um varanlega örorku.

Mikil fjölgun er á tilvikum þar sem niðurstaða um fjárhæð bóta byggir á heimild 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og upplýsingum um meðaltekjur fullvinnandi einstaklinga í tiltekinni starfsstétt frekar en raunupplýsingum um tekjur tjónþola og tilvikum þar sem uppgjör tjónþola með lítið skert aflahæfi miðar við tekjur og starfshlutfall sem viðkomandi hefur hvorki haft fyrir né eftir slys. Kallar þetta á skýrar reglur sem tryggja að sérstakt mat verði lagt á hvað rétt sé að miða við að viðkomandi tjónþoli hefði varið stórum hluta starfsævinnar og háu hlutfalli aflahæfis síns til öflunar tekna ef ekki hefði verið fyrir líkamstjón hans. Rétt er að slíkar reglur byggja á traustum grunni, t.a.m. á rannsóknum á vinnumarkaði.

Virðingarfyllst,

F.h. Vátryggingafélags Íslands hf.



Sveinn Fjalar Ágústsson

Forstöðumaður persónutjóna VÍS